

Vinnureglur vegna tannplanta

Útgáfa dags: 1. júlí 2025.

Greiðsluþáttaka vegna ísetningar tannplanta (í tannlausan góm) er háð fyrir fram samþykkt Sjúkratrygginga.

1. Tannplantar í tennta góma (Gjnr. 557/558).

Heimilt er að veita lífeyrisþegum styrk að upphæð 137.119 kr. vegna tannplanta eða annars fasts tanngervis í tenntan góm framan við 12 ára jaxla, á hverju 12 mánaða tímabili, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 766/2024 (verð miðast við gjaldskrá 1. júlí 2025).

Greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga vegna tannplanta hjá tenntum einstaklingum miðast eingöngu við kostnað vegna tannplanta og íhluti þeim tengdum en ekki vegna bein aukandi aðgerða, stýriskinna eða kragaaðgerða við tannplanta.

2. Tannplantar í tannlausa góma (Gjnr. 577/578).

Greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga miðast við fjóra fyrstu tannplantana í tannlausan efri góm og tvo fyrstu tannplantana í tannlausan neðri góm, sbr. 8. gr. reglugerðar 766/2024.

Greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga vegna tannplanta hjá tannlausum einstaklingum miðast eingöngu við kostnað vegna tannplanta og íhluti þeim tengdum en ekki vegna bein aukandi aðgerða, stýriskinna eða kragaaðgerða við tannplanta.

3. Fyrirfram samþykki.

Tannlæknar senda inn umsóknir vegna tannplanta í tannlausa góma til Sjúkratrygginga. Skilyrði fyrir greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga er að umsókn um tannplanta hafi verið samþykkt áður en meðferð hefst.

4. Greiðslupátttaka vegna bein aukandi aðgerða, stýrisskinna eða kragaaðgerða við tannplanta.

Sjúkratryggingum er aðeins heimilt að taka þátt í kostnaði umsækjanda við bein aukandi aðgerð, stýrisskinnur og kragaaðgerðir við tannplanta ef vandinn er alvarlegur og til kominn vegna sannanlegra afleiðinga fæðingargalla, slyss eða sjúkdóms, sbr. 11. gr. reglugerðar 766/2024.

5. Endurgerð tannplanta.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 766/2024 taka Sjúkratryggingar ekki þátt í kostnaði við endurgerð tannplanta ef minna en tíu ár eru liðin frá því að tannplanti eða fast tanngervi var sett á sömu tönn eða tannstæði.

6. Ísetning tannplanta í tenntan og tannlausan góm.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 766/2024 taka Sjúkratryggingar ekki á sama 12 mánaða tímabili þátt í kostnaði við ísetningu tannplanta í tenntan og tannlausan góm.